

Reykjalundur endurhæfing ehf.

41. fundur stjórnar 14. nóvember 2023 kl. 8:15-9:45 í Grímansfelli.

Mætt eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Aldís Stefánsdóttir, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri.

Fundarritari er Arna Harðardóttir.

Gestur (lið 2): Helgi Kristjánsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs.

Dagskrá

1. Fundargerðir síðastu funda samþykktar og undirritaðar.
Ruglingur á númer stjórnarfundu leiðréttur.
2. Fjármál Reykjalundar.
Helgi kynnir stöðu fjármála og rekstraráætlunar 2024. Staða fjármála lítur betur út og stefnir í minni halla í lok árs en áður var kynnt. Farið yfir stöðu fjármála síðustu tvo mánuði ársins. Rekstraráætlun 2024 er í vinnslu, farið lauslega yfir stöðuna á henni, lokadrög verða kynnt á næsta stjórnarfundu. Rætt um fund stjórnar með SÍBS vegna stöðu fjármála. Rætt um nauðsyn þess að koma á reglulegu og skipulögðum samskiptum við stjórn SÍBS með upplýsingum um stöðu fjármála Reykjalundar.
3. Húsnæðismál Reykjalundar.
Farið yfir stöðu mála. Verksýn er að vinna heildarúttekt á húsnæðinu.
Kynningarfundur verður með starfsfólki Reykjalundar 29.nóvember, 2023 kl 12:15-13:00.
4. Stefnumótun.
Kynning á stöðu mála frestað fram á næsta stjórnarfund.
5. Upplýsingagjöf til stjórnar.
Umræður um form og fyrirkomulag. Lagt til að gerðar verði skriflegar vinnulýsingar um það hvaða gögn eigi að senda til stjórnar fyrir fund og hvenær. Pétur framkvæmdastjóri sendir tillögur um slíka vinnulýsingu á stjórnina fyrir næsta fund.
6. Önnur mál.
 - Fá 2 fundi með heilbrigðisráðherra. Annan um vísindi og rannsóknir á Reykjalundi. Hinn um húsnæðismál Reykjalundar og þá með stjórn SÍBS.

Fundi slitið kl 09:55

Næsti fundur stjórnar: 19. desember, 2023 kl 8:15 – 09:45.

Anna Stefánsdóttir
Aldís Stefánsdóttir
Gunnar Ármannsson
Arna Harðardóttir